

Þátttaka Íslands í áætlunum ESB

á sviði rannsókna, menntunar og menningar

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Heildaryfirlit yfir þátttöku	5
Rannsóknir, tækniþróun og nýsköpun	7
Menntun og æskulýðsstarf	13
Kvikmyndir og menning	18
Þátttökutilvik	21

Yfirlit yfir töflur og myndir

Töflur

Tafla 1. Horizon 2020: Árangur Íslands eftir undiráætlunum 2014–2017.*	9
Tafla 2. Horizon 2020 og 7. rannsóknááætlunin: Helstu samstarfslönd Íslands.	11
Tafla 3. Erasmus+: Árangur Íslands eftir undiráætlunum 2014–2017.	14
Tafla 4. Erasmus+: Samstarfslönd í Námi og þjálfun og Samstarfsverkefnum.	16
Tafla 5. Creative Europe - MEDIA: Árangur Íslands eftir undiráætlunum 2014–2017.	18
Tafla 6. Creative Europe - Menning: Árangur Íslands eftir undiráætlunum 2014–2017.	19
Tafla 7. Fjöldi þátttökutilvika skipt eftir áætlunum og tegundum aðila.	21

Myndir

Mynd 1. Stóra myndin: Styrkveitingar til Íslands og skuldbindingar Íslands frá 1995.	5
Mynd 2. Rannsóknir, menntun og menning: Styrkir í evrum á hvern íbúa 2014–2017.	6
Mynd 3. Horizon 2020: Styrkir í evrum á hvern íbúa.	8
Mynd 4. Horizon 2020: Styrkir í evrum á hvern íbúa skipt eftir stoðum áætlunarinnar.	8
Mynd 5. Horizon 2020: Árangurshlutfall umsókna.	10
Mynd 6. Horizon 2020: Heildarþátttökutilvik á hverja tíu þúsund íbúa.	11
Mynd 7. Menntun: Fjöldi styrkþega (einstaklinga) frá Íslandi 1995–2017.*	13
Mynd 8. Erasmus+: Styrkir í evrum á hvern íbúa 2014–2017.	15
Mynd 9. Erasmus+: Fjöldi ferða til og frá Íslandi 2014–2017.	15
Mynd 10. Erasmus+: Flæði háskólastúdenta í náms- og þjálfunarverkefnum 2014–2017.	16
Mynd 11. Creative Europe: Fjármagn í evrum á hvern íbúa 2014–2017.	19

Inngangur

Hlutverk Rannís er meðal annars að styðja þekkingarsamfélagið á Íslandi með aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum. Evrópskt og norrænt samstarf er umfangsmikið í starfsemi Rannís sem er helsta þjónustustofnun á Íslandi á þessu sviði. Alþjóðasvið Rannís hefur umsjón með fjölmörgum evrópskum og norrænum styrkjaáætlunum og verkefnum sem miða að því að styðja við alþjóðlegt samstarf íslensks vísindasamfélags. Stærsta einstaka verkefni sviðsins er Horizon 2020, rannsókna- og nýsköpunaráætlun Evrópusambandsins (ESB), og hefur Rannís umsjón með starfi stjórnarnefndarfulltrúa og landstengiliða áætlunarinnar fyrir Íslands hönd. Mennta- og menningarsvið Rannís hefur umsjón með Erasmus+ mennta- og æskulýðsáætlun Evrópusambandsins og Creative Europe kvikmynda- og menningar-áætlun Evrópusambandsins. Einnig annast sviðið tvær aðrar alþjóðlegar áætlanir.


Framþróun samfélagsins byggir á alþjóðlegu samstarfi, markaðir eru erlendis, þekking og aðföng eru einungis í litlu mæli aðgengileg hér á landi og því mikilvægt að stuðla að umfangsmiklu samstarfi og tengslaneti alþjóðlega, en slíkt styrkir samkeppnisstöðu landsins. Ísland hefur aðgang að fjármagni í alþjóðlegri samkeppni á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Árangur í alþjóðlegum samkeppnisjóðum er mikilvægur prófsteinn á getu innlendra aðila og er árangurinn góður í samkeppni við aðrar Evrópuþjóðir. Fjármagn til íslenskra aðila er þó alls ekki eini mælikvarðinn á gagnsemi alþjóðlegs samstarfs, heldur er ávinningurinn margþættur.

Í þessari samantekt eru birtar upplýsingar um árangur Íslands í þeim þremur áætlunum ESB sem Rannís hefur umsjón með: Horizon 2020 (rannsóknir og nýsköpun), Erasmus+ (menntun og æskulýðsstarf) og Creative Europe (kvikmyndir og menning). Er þetta önnur útgáfa samantektarinnar sem var fyrst gefin út árið 2017. Tilgangur hennar er að gera aðgengilegar upplýsingar um sókn, árangur og samanburð sem gæti nýst íslenskum stjórnvöldum og hagaðilum við stefnumótun og skipulag á sínu sviði. Umfang evrópsks samstarfs hefur farið vaxandi á síðustu árum og mun sá vöxtur halda áfram fram til ársins 2020. Er því mikilvægt að sem flestir séu upplýstir um umfang og tækifæri sem í því felast.

Hér eru fyrst teknar saman heildarupplýsingar um þróunina frá upphafi þátttöku Íslands í áætlunum árið 1995 og gerð grein fyrir styrkveitingum til Íslands og jafnframt kostnaði Íslands vegna þátttökunnar. Þá er gerð ítarlegri grein fyrir árangri af sókn í yfirstandandi áætlanir sem hófust 2014 og gilda til ársins 2020. Þar sem þess er kostur er leitast við að bera saman þátttöku Íslands við aðrar þjóðir, sem hafa verið valdar til samanburðar, þ.e. nágrannarþjóðir og smáríki.

Heildaryfirlit yfir þátttöku


Þátttaka Íslands í samstarfsáætlunum ESB hefur verið umfangsmikil frá 1995. Árangur af sókn íslenskra aðila í evrópskar samkeppnisáætlanir hefur verið góður í samanburði við aðrar Evrópuþjóðir og fjárhagslegt umfang þátttökunnar hefur aukist í takt við stækkandi áætlanir á hverju tímabili. Fjárhagslegur ávinningur Íslands af þátttökunni er mun meiri en það sem lagt er til áætlunarinnar; fyrir hverja evru sem lögð er til koma rúmlega tvær evrur til baka, eins og mynd 1 sýnir. Á sömu mynd má sjá heildarstuðning til Íslands frá árinu 1995 til ársins 2017, annars vegar styrkveitingar til Íslands og hins vegar skuldbindingar Íslands vegna þátttöku. Af þeim þremur áætlunum sem Rannís hefur umsjón með er Horizon 2020 stærst, en hún er um 76% af umfangi þess samstarfs sem Ísland tekur þátt í á grundvelli EES samningsins. Erasmus+ er um 15% af umfangi og Creative Europe er um 1,5%. Þessar þrjár áætlanir eru stærri á yfirstandandi tímabili en fyrri áætlanir og er heildarfjárfesting ESB til þeirra á tímabilinu 2014–2020 um 100 milljarðar evra.



Mynd 1. Stóra myndin: Styrkveitingar til Íslands og skuldbindingar Íslands frá 1995.

Ein leið til að meta árangur er samanburður við aðrar þjóðir. Mynd 2 sýnir styrki í evrum á hvern íbúa í þeim samanburðarlöndum sem valin hafa verið í þessa tölfræðisamantekt. Myndin sýnir að styrkveitingar á hvern íbúa eru hæstar á Íslandi og munar þar umtalsverðu. Af myndinni má álykta að árangur af sókn í áætlanirnar hafi verið góður. Rétt er að taka fram að í Erasmus+ er ekki samkeppni á milli landa, úthlutun styrkja fer að mestu leyti fram í löndunum sjálfum og byggist hún á ákveðnum reiknireglum. Njóta þar smærri ríkin fámennisins eins og myndin sýnir glögg.

Þátttaka Íslands í áætlunum ESB á sviði rannsókna, menntunar og menningar



Mynd 2. Rannsóknir, menntun og menning: Styrkir í evrum á hvern íbúa 2014–2017.

Rannsóknir, tækniþróun og nýsköpun

Horizon 2020 er langstærsta og umfangsmesta rannsóknaáætlun ESB hingað til. Áætlunin gildir tímabilið 2014–2020 og er heildar fjármagn hennar nærri 80 milljarðar evra. Horizon 2020 er ætlað að styðja við rannsóknir og nýsköpun á öllum sviðum vísinda og fræða með það að markmiði að auka samkeppnishæfni Evrópu, skapa störf og stuðla að því að fleiri góðar viðskiptahugmyndir komist á markað. Í áætluninni er lögð áhersla á þátttöku fyrirtækja, ekki síst lítilla og meðalstórra. Áætlunin endurspeglar grundvallarmarkmið stefnu ESB til 2020 um að styðja sjálfbæran hagvöxt í Evrópu.


Horizon 2020 skiptist í fimm stoðir, sem skiptast síðan í undiráætlanir eftir viðfangsefnum. Rúmlega 90% af fénu er ráðstafað í *Öndvegisrannsóknir* (Excellent science), *Forystu í atvinnulífi* (Industrial leadership) og *Samfélagsáskoranir* (Societal challenges). Fjárfesting ESB í verkefnum styrktum af Horizon 2020 sem íslenskir aðilar hafa tekið þátt í á árunum 2014 til mars 2018 nemur um 637 milljónum evra en þar af nema beinir styrkir til íslenskra aðila um 61 milljón evra.



Frá upphafi áætlunarinnar hafa borist 770 umsóknir með íslenski þátttöku í Horizon 2020. Ísland hefur fengið stuðning við 139 verkefni eða 18,1% umsókna. Framlög til íslenskra aðila á þessum rúmum fjórum árum eru um 61 milljón evra sem dreifast til 80 aðila hérlandis. Þátttaka Íslands hefur náð til allra stoða áætlunarinnar nema *Viðtækari þátttöku* (Widening participation) en þeirri stoð er ætlað að styrkja rannsókna- og nýsköpunarumhverfi nýrra aðildarríkja sambandsins.


Almennt hafa íslenskir aðilar verið virkir í Horizon 2020, dreifing umsókna er nokkuð góð en ljóst má vera að bæði virkni og árangur er breytilegur eftir sviðum (sjá töflu 1, bls. 9). Í *Samfélagsáskorunum* hafa sóknarþungi og árangur íslenskra aðila farið saman og þá sérstaklega í undiráætlunum Fæðuöryggi, landbúnaður og sjávarrannsóknir (Food Security, Sustainable Agriculture and Forestry, Marine, Maritime and Inland Water Research and the Bioeconomy), Heilbrigði og lýðheilsa (Health, Demographic Change and Wellbeing) og Orkuáætlun (Secure, Clean and Efficient Energy). Virkni Íslendinga hefur einnig verið töluverð í *Öndvegisrannsóknum* og *Forystu í atvinnulífi* en þar hefur ásókn verið mest í undiráætlunirnar Upplýsinga- og samskiptatækni (Information and Communication Technologies) og mannauðsáætlunina Marie Skłodowska Curie Actions (MSCA), þar hefur árangurshlutfall hins vegar verið lægra enda samkeppni mikil. Heilt yfir má segja að Íslendingar fari vel af stað í Horizon 2020 áætluninni og séu virkir í flestum hlutum hennar. Í samanburði við fyrri rannsóknaáætlanir ESB vekur þó athygli að töluverð aukning hefur verið á virkni og árangri Íslendinga í Orkuáætluninni og Samgönguáætluninni (Smart, Green and Integrated Transport). Ásókn í Heilbrigðis- og lýðheilsuáætlunina er enn góð en árangurshlutfall hefur dregist saman frá því sem áður var.

Ef heildarárangur Íslendinga er skoðaður út frá því hve margar evrur renna til hvers íbúa, sjá mynd 3, kemur í ljós að það fjármagn sem borist hefur hingað til lands nemur um 182,5 evrum á hvern Íslending (m.v. fólksfjölda árið 2016). Árangur Íslands er því töluvert betri en þeirra samanburðarlanda sem litið er til; á eftir Íslandi kemur Danmörk með 127,6 evrur á hvern íbúa og Lúxemborg með 123,2 evrur á hvern íbúa. Meðaltal ESB er svo umtalsvert lægra eða 52,9 evrur á hvern íbúa.



Mynd 3. Horizon 2020: Styrkir í evrum á hvern íbúa.

Sé litið til þess hvernig styrkir í evrum skiptast niður á þrjár stoðir áætlunarinnar, sjá mynd 4, má sjá að árangur Íslands í heild sinni stenst vel samanburð við önnur ríki. Árangur Íslands er afgerandi þegar litið er til framlaga í *Samfélagsáskoranir*, en undir þeirri stoð hafa styrkirnum numið um 38,5 milljónum evra eða um 115 evrur á hvern Íslending. Árangur Íslands hefur verið góður í nokkrum undiráætlunum *Samfélagsáskorana* og þar munar mestu um Orkuáætlunina, en um 18,8 milljónir evra af þeim 61 milljón evra sem runnið hafa til íslenskra aðila gera það í gegnum hana, eða 31%.



Mynd 4. Horizon 2020: Styrkir í evrum á hvern íbúa skipt eftir stoðum áætlunarinnar.

Í töflu 1 má sjá yfirlit þar sem fram kemur fjöldi umsókna, fjöldi styrktra verkefna, árangurshlutfall miðað við umsóknir, heildarupphæð stuðnings frá ESB í viðkomandi verkefnaflokkum og hlutfallsleg skipting fjármagns á milli áætlana.

Tafla 1. Horizon 2020: Árangur Íslands eftir undiráætlunum 2014–2017.*

Stoðir og undiráætlanir	Fjöldi umsókna	Fjöldi styrktra verkefna	Árangurs-hlutfall umsókna	Fjármagn til verkefna	Skipting styrkja milli flokka
Öndvegisrannsóknir (Excellent Science)	205	29	14,1%	13.646.227 €	22,4%
1. Styrkir evrópska rannsóknaráðsins (ERC)	25	4	16,0%	5.622.036 €	9,2%
2. Stuðningur við framtíðartækni (FET)	22	1	4,5%	387.860 €	0,6%
3. Marie Skłodowska Curie Actions (MSCA)	141	15	10,6%	4.975.775 €	8,2%
4. Stuðningur við rannsóknarinnviði í Evrópu (RI)	17	9	52,9%	2.660.556 €	4,4%
Forysta í atvinnulífi (Industrial Leadership)	134	24	17,9%	8.038.654 €	13,2%
1. Forysta í tækniþróun					
I. Upplýsinga- og samskiptatækni (ICT)	79	15	19,0%	4.395.461 €	7,2%
II. Örtækni, efnistækni og framleiðsla	8	1	12,5%	50.000 €	0,1%
III. Efnistækni	3	1	33,3%	142.464 €	0,2%
IV. Líftækni	13	1	7,7%	1.529.525 €	2,5%
V. Framleiðslutækni	8	1	12,5%	1.731.625 €	2,8%
VI. Geimvísindi	6	1	16,7%	30.764 €	0,1%
2. Aðgangur að áhættufjármagni	1	0	0,0%	- €	0,0%
3. Nýsköpun í litlum og meðalstórum fyrirtækjum	16	4	25,0%	158.815 €	0,3%
Samfélagsáskoranir (Societal Challenges)	387	83	21,4%	38.532.211 €	63,2%
1. Heilbrigði og lýðheilsa	60	11	18,3%	3.537.145 €	5,8%
2. Fæðuöryggi, landbúnaður og sjávarrannsóknir	119	28	23,5%	11.636.802 €	19,1%
3. Orka	75	21	28,0%	18.794.982 €	30,8%
4. Samgöngur	36	10	27,8%	1.867.400 €	3,1%
5. Umhverfi, loftslagsmál og auðlindir	37	6	16,2%	1.687.045 €	2,8%
6. Evrópskt samfélag í breyttum heimi	36	4	11,1%	292.281 €	0,5%
7. Öryggi og samfélag	24	3	12,5%	716.556 €	1,2%
Víðtækari þátttaka (Spreading Excellence and Widening Participation)	0	0	0%	0 €	0,0%
Vísindi í þágu samfélagsins (Science with and for Society)	30	3	10,0%	792.454 €	1,3%
Þverfaglegar umsóknir (Cross-theme)	14	0	0,0%	0 €	0,0%
Heild	770	139	18,1%	61.009.545 €	100,0%


*Tölur eru frá mars 2018, úr gagnagrunni Horizon 2020.

Virgni og árangur Íslands í *Samfélagsáskorunum* stenst vel samanburð við viðmiðunarpjóðir. Um 63% af því fjármagni sem fallið hefur íslenskum aðilum í skaut hefur komið til vegna þátttöku þeirra í stoðinni. Flestar umsóknir með íslenskri þátttöku berast einnig í þessa stoð, þ.e. 387 af 760, sem nemur 51% umsókna. Stuðningur fékkst við 83 af þessum 387 umsóknum sem gerir 21% árangur. Íslenskir umsækjendur hafa átt umsóknir í allar undiráætlanir innan *Samfélagsáskorana*. Flestar umsóknir eða 119 eru í Fæðuöryggi, landbúnað og sjávarrannsóknir, þar sem styrktar umsóknir eru 28 (24% árangurshlutfall), næstflestar umsóknir bárust svo í Orkuáætlunina eða 75 umsóknir, þar af voru styrktar 21 umsókn (28% árangurshlutfall). Heilbrigði og lýðheilsa kemur svo þar á eftir en í hana bárust 60 umsóknir og eru styrkt verkefni 11 talsins sem gerir 18% árangurshlutfall.

Næstflestar umsóknir eru í *Öndvegisrannsóknum* eða 205, stuðningur fékkst við 29 verkefni eða um 14%. Í þessari stoð er virknin mest í Marie Skłodowska Curie Actions áætluninni, 141 umsóknir bárust og þar af voru 15 umsóknir samþykktar sem gerir um 11% árangurshlutfall. Fjórar umsóknir fengu stuðning Evrópska rannsóknaráðsins (ERC) af 25 eða 16% árangurshlutfall. 22 umsóknir bárust í áætlunina Stuðningur við framtíðartækni (Future and Emerging Technologies) og fékk ein þeirra stuðning eða um 5%. Árangur í *Öndvegisrannsóknum* er ágætur en í stoðinni hafa styrkirnum numið rúmum 13,6 milljónum evra eða um 25,2 evrum á hvern Íslending. Árangur Íslands er sambærilegur við árangur Finna en nokkuð betri en árangur Noregs, Lúxemborgar, Möltu og yfir meðaltali ESB. Ísland er þó eftirbátur Danmerkur og Svíþjóðar hvað þennan þátt varðar.


Undir *Forystu í atvinnulífi* hafa borist 134 umsóknir með þátttöku Íslands frá upphafi Horizon 2020 áætlunarinnar og 24 verkefni hafa fengið stuðning eða 18% árangurshlutfall. Ísland hefur verið þátttakandi í umsóknum í öllum undiráætlunum. Árangur Íslands á þessu sviði er sambærilegur við árangur samanburðarþjóða og hafa styrkirnir úr stoðinni numið rúmum 8 milljónum evra eða um 24 evrum á hvern Íslending.

Íslenskir aðilar hafa verið þátttakendur í 30 umsóknum í *Vísindi í þágu samfélagsins*, þar af hafa þrjár fengið stuðning og er árangurshlutfall 10%.



Mynd 5. Horizon 2020: Árangurshlutfall umsókna.

Í því skyni að varpa ljósi á þátttöku Íslands í Horizon 2020 getur verið villandi að líta á fjölda umsókna sem eina mælikvarðann á virkni Íslendinga. Ástæðan fyrir því er sú að fjöldi íslenskra aðila á bak við hverja umsókn getur verið mjög mismunandi, allt frá því að vera einn aðili yfir í það að vera fimm aðilar í einni og sömu umsókninni. Í Horizon 2020 eru 980 íslensk þátttökutílfelli á bak við þær 770 umsóknir sem borist hafa með íslenskri þátttöku. Ef lítið er á fjölda íslenskra umsóknaraðila í samanburði við helstu samanburðarþjóðir má sjá að ásókn Íslands í áætlunina er góð og virðist því rannsókna- og vísindaumhverfið á Íslandi vera vel meðvitað um tækifærin í áætluninni, sjá mynd 6.



Mynd 6. Horizon 2020: Heildarþátttökutilvik á hverja tíu þúsund íbúa.

Í töflu 2 má sjá helstu samstarfslönd Íslands í Horizon 2020 og 7. rannsóknaáætluninni. Þýskaland, Bretland og Frakkland eru með flestar tengingar við Ísland í verkefnum í Horizon 2020. Úr tölunum má lesa að tenging Íslands við rannsóknauhverfi þessara landa er ágæt en þó verður að hafa í huga að stærð landanna og þróuð rannsóknauhverfi gera stóru löndin áberandi í áætluninni í heild sinni. Norðurlöndin Svíþjóð, Noregur og Danmörk eru meðal 10 algengustu samstarfslanda Íslands. Ef lítið er á samanburðartölur frá 7. rannsóknaáætluninni má sjá mjög sambærilegt mynstur en það sem vekur athygli er áberandi samstarf við Bretland, það virðist ekki eins áberandi í Horizon 2020, og er dreifingin á milli landa mun jafnari en hún var áður.

Tafla 2. Horizon 2020 og 7. rannsóknaáætlunin: Helstu samstarfslönd Íslands.

Horizon 2020		7. rannsóknaáætlunin	
Samstarfslönd	Fjöldi tenginga	Samstarfslönd	Fjöldi tenginga
1. Þýskaland	187	1. Bretland	531
2. Bretland	184	2. Þýskaland	380
3. Frakkland	181	3. Spánn	281
4. Spánn	138	4. Holland	279
5. Ítalía	136	5. Frakkland	275
6. Noregur	127	6. Ítalía	254
7. Holland	123	7. Noregur	182
8. Danmörk	92	8. Svíþjóð	177
9. Belgía	86	9. Danmörk	159
10. Svíþjóð	83	10. Belgía	138

Dæmi um verkefni

Samfélagsáskoranir - Orka: DEEPEGS er stærsta verkefnið undir Íslenskri forystu sem hefur fengið styrk úr Horizon 2020. Styrkurinn nemur í heild sinni tæpum 20 milljónum evra en þar af mun um 8,6 milljón evrur nýtast beint til rannsókna á Íslandi. HS Orka leiðir verkefnið en Íslenskar orkurannsóknir (ÍSÖR), Landsvirkjun og Georg taka þátt í verkefninu héraðs, sem og þátttakendur frá Frakklandi, Þýskalandi, Ítalíu og Noregi. Snýst verkefnið um rannsóknir og þróun á jarðhitanýtingu á Reykjanesi og suður Frakklandi þar sem borað er niður allt að 5 km dýpt eftir jarðhita. Markmiðið er að sýna á fram á að framleiða megi orku úr djúplægum jarðhitakerfum. Verkefnið hófst í lok árs 2015 og nú þegar hefur verið boruð djúp rannsóknarhola á Reykjanesi.


Öndvegisrannsóknir - Styrkir evrópska rannsóknaráðsins: Hópur vísindamanna undir forystu Sigurðar Yngva Kristinssonar, prófessors við Læknadeild Háskóla Íslands, fékk styrk að upphæð 1,5 milljón evra úr *Öndvegisrannsóknum*. Verkefnið MGUS screening RCT snýr að rannsóknum á forstigi mergæxla og afdrif einstaklinga sem greinast með forstigi mergæxlis. Liður í rannsókninni er verkefnið Blóðskimun til Bjargar – Þjóðaráttak gegn mergæxlum, en til stendur að bjóða 140 þúsund einstaklingum á Íslandi í skimun.

Forysta í atvinnulífi - Nýsköpun í litlum og meðalstórum fyrirtækjum: Íslenska fyrirtækið Nox Medical hlaut styrk að upphæð 2 milljónir evra til áframhaldandi rannsókna og tækniþróunar. Styrkurinn kom úr *Forystu í atvinnulífi*, undiráætlun sem ber heitið Nýsköpun í litlum og meðalstórum fyrirtækjum (SME) og er hún sérstaklega ætluð fyrirtækjum af þeirri stærðargráðu. Samkeppni innan þeirrar undiráætlunar er jafnan mjög hörð og árangurshlutfall umsókna lágt. Styrkurinn mun hjálpa til við að ýta undir áframhaldandi vöxt og árangur fyrirtækisins á næstu árum.

Menntun og æskulýðsstarf

Ísland hefur tekið virkan þátt í samstarfsáætlunum í menntun og æskulýðsstarfi frá árinu 1995. Frá þeim tíma til ársins 2007 var um þrjár aðskildar áætlanir að ræða, tvær menntaáætlanir og eina æskulýðsáætlun. Frá 2007 til 2013 var um tvær áætlanir að ræða; annars vegar Menntaáætlun ESB (Lifelong Learning Programme) og hins vegar Æskulýðsáætlun ESB (Youth in Action Programme). Þessar tvær áætlanir voru síðan sameinaðar og hafa verið undir hatti Erasmus+ frá 2014. Rannís tók við umsjón með Menntaáætlun ESB árið 2013 sem síðan varð menntahluti Erasmus+. Frá miðju ári 2017 hefur Rannís séð alfarið um rekstur Erasmus+ áætlunarinnar á Íslandi.

Rannís hefur tiltækar upplýsingar um fjölda einstaklinga sem hafa tekið þátt í menntahlutanum frá 1995 og eru þær settar fram eftir skólastigum á mynd 7. Myndin sýnir vel þær breytingar sem verða milli áætlana 1995–1999, 2000–2006 og 2007–2013. Töluverð fjölgun varð í fjölda styrkþega á tímabilinu þar til ný áætlun hófst árið 2014. Þó skal hafa í huga að miklar breytingar urðu þegar mennta- og æskulýðsáætlanirnar voru sameinaðar í Erasmus+ árið 2014 með verulegri aukningu á fjármagni til ráðstöfunar til Íslands. Helstu breytingar voru þær að einstaklingar gátu ekki lengur sótt um, ekki voru lengur veittir styrkir til grunn- og framhaldsskólanema og dregið var úr styrkjum til starfsmanna leik-, grunn- og framhaldsskóla á meðan þeir jukust verulega til háskólastigsins. Því fækkaði þeim einstaklingum sem tóku beinan þátt á ári þrátt fyrir að styrkuppþæðir hækkuðu.



Mynd 7. Menntun: Fjöldi styrkþega (einstaklinga) frá Íslandi 1995–2017.*

*Fjöldi einstaklinga sem taka þátt í samstarfsverkefnum frá árinu 2015 er áætlaður til að fá samræmi í tölurnar við fyrri tölur. Fjöldi ferða miðast við umsóknarár.

Til marks um umfangið þá fá allir íslenskir háskólar árlega styrki úr Erasmus+ áætluninni, auk margra leik-, grunn- og framhaldsskóla og fullorðinsfræðsluaðila. Áhrifin eru þó mun meiri en unnt er að mæla með þeim 750 milljónum króna sem árlega er úthlutað til íslenskra aðila eða þeim fjölda Íslendinga sem njóta árlega styrkja. Samstarfið er gagnkvæmt og fólk, þekking og nýsköpun skilar sér inn í íslenskt menntakerfi eftir mörgum leiðum. Þeir sem koma til Íslands eru umtalsvert fleiri en þeir sem fara utan, sem er til marks um það hversu mikill áhugi er á samstarfi við íslenskar stofnanir. Þannig hafa gagnkvæm skipti á nemendum og kennurum skipt mjög miklu máli við alþjóðavæðingu háskólanna og stutt við aukið erlent rannsóknasamstarf þeirra og sambirtingar með evrópskum vísindamönnum.

Umsýsla umsókna íslenskra aðila í Erasmus+ fer að mestu fram innanlands. Áætluninni er skipt upp eftir menntastigum og í þrjá verkefnisflokkka: *Nám og þjálfun* sem styrkir einstaklinga sem vilja sinna námi og/eða þjálfu sig í starfi í öðru landi; *Samstarfsverkefni* þar sem veittir eru fáir en tiltölulega háir verkefnistyrkir til samstarfs, þróunar og dreifingar á nýsköpun í menntamálum; og *Stefnumótun í æskulýðsstarfi* þar sem veittir eru litlir styrkir til að gefa ungu fólki tækifæri til að eiga samtal við ráðamenn. Í töflu 3 má sjá fjölda umsókna í hverjum flokki fyrir sig sem og fjölda samninga ásamt upphæðum.

Tafla 3. Erasmus+: Árangur Íslands eftir undiráætlunum 2014–2017.

	Fjöldi umsókna	Fjöldi verkefna	Árangurs-hlutfall umsókna	Fjármagn í umsókn	Fjármagn í samningi	Árangurs-hlutfall upphæða
Nám og þjálfun						
Skólar	167	106	63%	3.232.628 €	1.286.930 €	40%
Starfsmenntun	41	33	80%	2.502.562 €	1.743.945 €	70%
Starfsmenntun - vottun	9	9	*	991.992 €	742.678 €	75%
Háskólar	28	28	*	11.144.750 €	6.570.089 €	59%
Háskólar - alþjóðahluti	18	16	89%	2.381.105 €	859.872 €	36%
Fullorðinsfræðsla	41	23	56%	746.777 €	236.073 €	32%
Æskulýðsstarf	183	144	79%	4.929.223 €	3.769.825 €	76%
Heild Nám og þjálfun	487	359	****	25.929.037 €	15.209.412 €	59%
Samstarfsverkefni						
Skólar úthlutað á Íslandi	43	24	56%	5.809.973 €	1.615.962 €	**
Skólar úthlutað erlendis	0	61	***	0 €	1.525.186 €	***
Starfsmenntun	18	10	56%	4.510.413 €	2.375.340 €	53%
Háskólar	18	10	56%	4.263.252 €	2.193.564 €	51%
Fullorðinsfræðsla	18	13	72%	4.140.263 €	2.167.594 €	52%
Æskulýðsstarf	48	25	52%	3.636.086 €	1.565.481 €	43%
Heild Samstarfsverkefni	145	143	****	22.359.987 €	11.443.127 €	51%
Stefnumótun í æskulýðsstarfi						
Heild Stefnumótun í æskulýðsstarfi	19	12	63%	448.791 €	254.140 €	57%
Heild	651	514	****	48.737.815 €	26.906.679 €	55%


* Viðkomandi umsækjendur hafa vottun og fá því nær örugglega styrk.

** Á ekki við samningsupphæðin er bara hlutur íslensku aðilanna á meðan upphæð í umsókn er fyrir alla samstarfsaðilana.

*** Á ekki við, skólar eru aðilar að umsóknum erlendis en samningar eru gerðir á Íslandi.


**** Heildarárangurshlutfall skekkt vegna 100% hlutfalls í sumum flokkum og er það því ekki birt.

Meirihlutanum af því fjármagni sem er til ráðstöfunar í Erasmus+ er skipt milli landa á grundvelli mannfjölda, fjölda nemenda og fleiri lykiltalna. Smærri ríkin njóta almennt góðs af bæði fámenni og fyrirkomulagi sem gerir ráð fyrir lágmarks fjárhæð í tilteknum verkefnisflokkum og að tekið er tillit til hvernig hefur gengið að ráðstafa fjármagni í fyrri áætlunum. Þetta má sjá vel á mynd 8 þar sem styrkir á hvern íbúa eru hæstir í smárikjunum Íslandi, Lúxemborg og Möltu.



Mynd 8. Erasmus+: Styrkir í evrum á hvern íbúa 2014–2017.

Í upphafi þátttöku Íslands í menntasamstarfinu voru fleiri sem fóru frá Íslandi til Evrópu en sem komu til landsins; í kringum aldamótin snerist þetta við og fleiri fóru að koma en fara utan. Á tímabilinu 2014–2017 hafa fleiri komið til Íslands en farið frá Íslandi í öllum tegundum ferða eins og mynd 9 ber með sér. Munurinn er mestur í starfsmenntun, á háskólastigi og í fullorðinsfræðslu þar sem ríflega tvöfalt fleiri koma en fara.



Mynd 9. Erasmus+: Fjöldi ferða til og frá Íslandi 2014–2017.


Samstarfsnet íslensku háskólanna sjö er umfangsmikið – en þeir hafa átt í samstarfi við meira en 550 háskóla í 30 löndum á þessu tímabili. Á mynd 10 má sjá frá hvaða löndum Erasmus+ háskólastúdentar koma helst og til hvaða landa þeir fara helst.

Til Íslands 

3141 stúdentar frá 43 löndum

Frá Íslandi 

1303 stúdentar til 36 landa



Mynd 10. Erasmus+: Flæði háskólastúdenta í náms- og þjálfunarverkefnum 2014–2017.

Ef litið er á samstarfslönd Íslands í Erasmus+ má sjá að Norðurlöndin fara þar fremst í flokki ásamt stóru ESB ríkjunum: Bretlandi, Þýskalandi, Frakklandi og Spáni. Í töflu 4 má sjá hvaða lönd senda flesta til Íslands í náms- og þjálfunarverkefnum og til hvaða landa er vinsælast að fara frá Íslandi í þessari undiráætlun. Í flokki samstarfsverkefna er miðað við fjölda verkefna sem íslenskir aðilar eru í samstarfi við aðila frá tilteknu landi en þar eru Bretland, Spánn og Ítalía fremst í flokki.

Tafla 4. Erasmus+: Samstarfslönd í Námi og þjálfun og Samstarfsverkefnum.

Nám og þjálfun				Samstarfsverkefni	
Frá Íslandi	Fjöldi ferða	Til Íslands	Fjöldi ferða	Samstarfsland	Fjöldi verkefna
1. Danmörk	719	1. Þýskaland	1651	1. Bretland	78
2. Bretland	643	2. Frakkland	857	2. Spánn	78
3. Þýskaland	492	3. Danmörk	853	3. Ítalía	77
4. Svíþjóð	440	4. Bretland	655	4. Þýskaland	71
5. Spánn	321	5. Svíþjóð	522	5. Finnland	50
6. Noregur	234	6. Finnland	447	6. Pólland	45
7. Finnland	204	7. Spánn	428	7. Svíþjóð	42
8. Frakkland	199	8. Belgía	361	8. Danmörk	41
9. Holland	186	9. Noregur	335	9. Frakkland	37
10. Ítalía	170	10. Pólland	332	10. Grikkland	37

*Tölur eru frá apríl 2018 og ferðirnar tilheyra ekki endilega íslenskum verkefnum í Námi og þjálfun. Tölur um samstarfsverkefni fela í sér fjölda verkefna sem íslenskir og erlendir samstarfsaðilar eru saman í, burtséð frá því í hvaða landi verkefninu er stýrt.

Dæmi um verkefni

Háskólar: Listaháskóli Íslands er virkur í alþjóðlegu samstarfi og hefur nýtt sér Erasmus+ styrki til að efla nemendur sína og starfsfólk. Skólinn leiðir nú samstarfsverkefni evrópskra tónlistarháskóla um þróun meistaranáms fyrir tónlistarfólk sem heitir Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarf (NAIP). Námið er einstaklingsmiðað og vinna nemendur að samstarfsverkefnum milli ólíkra tónlistarstíla, listgreina og hópa samfélagsins. Markmið námsins er að nemendur geti þróað og framkvæmt skapandi verkefni við mismunandi aðstæður og orðið leiðtogar á sínu sviði. Verkefnið fékk Erasmus+ styrk árið 2014 og aftur árið 2016, samtals 516.713 evrur. Fyrri verkefninu er lokið en það var metið sem fyrirmyndarverkefni.

Fullorðinsfræðsla: EVRIS er alþjóðlegt ráðgjafafyrirtæki sem hefur leitt tvö fjölþjóðleg samstarfsverkefni sem snúa að virkri þátttöku fólks í námi og samfélagi á þriðja æviskeiðinu. Samtals hefur verið veittur styrkur upp á 377 þúsund evrur til þessara verkefna sem miða að því að auðvelda fólki leiðina að starfslokum með því að skipuleggja fyrirsjáanlegar breytingar tímanlega. Viðfangsefni verkefnisins hefur vakið verðskuldaða athygli hér á landi og í Evrópu og m.a. tók sjónvarpsstöðin BBC viðtöl við aðstandendur verkefnisins. Á vefsíðu verkefnisins má finna leiðarvísi um það á fjórum tungumálum, <http://www.ball-project.eu/>.

Æskulýðsstarf: LungA listahátíð ungs fólks á Austurlandi er dæmi um verkefni sem hefur með fjölbreyttum hætti nýtt sér Erasmus+ áætlunina og fyrirrennara hennar. Flest ár frá 2006 hefur LungA fengið styrk til þess að skipuleggja ungmennaskiptaverkefni sem tengjast hátíðinni. Þá sótti LungA eitt sinn um frumkvæðisverkefni og árið 2014 var LungA skólinn, sem er afsprengi hátíðarinnar, með þeim fyrstu sem fengu styrk í nýjum flokki þar sem verkefni miða að nýsköpun í æskulýðsstarfi. LungA hefur hlotið alls 550 þúsund evrur í styrk fyrir hin ýmsu verkefni. Áhrif verkefnanna hafa verið mikil, sérstaklega á samfélagið á Seyðisfirði.

Kvikmyndir og menning

Creative Europe – Kvikmynda- og menningaráætlun ESB 2014–2020 styrkir skapandi greinar og eflir menningarlega fjölbreytni á sviði kvikmynda, lista og menningar. Fyrir 2014 var um að ræða tvær áætlanir, sem voru síðan sameinaðar undir einn hatt. Áætlunin skiptist í annars vegar *MEDIA* og hins vegar *Menningu*.

MEDIA

MEDIA styður leiknar kvikmyndir og sjónvarpsmyndir, heimildamyndir, teiknimyndir og tölvuleiki, verkefni með evrópska og alþjóðlega skírskotun og notkun á nýrri tækni. Markmiðið er að efla samkeppnishæfni evrópskra kvikmynda, sjónvarpsfarnis og tölvuleikja á alþjóðamarkaði og í Evrópu. Íslenskir aðilar hafa helst sótt í styrki til þróunar og framleiðslu á kvikmynda- og sjónvarpsverkefnum og dreifingar á evrópskum kvikmyndum, þeir hafa einnig tekið þátt í verkefnum til að efla kvikmyndalæsi og er einn þeirra í Europa Cinemas, samstarfsneti kvikmyndahúsa.

MEDIA hefur verið mikilvæg fyrir framleiðslu og dreifingu á íslensku kvikmyndaefni. Kvikmyndaiðnaðurinn er alþjóðlegur og öll stærri verkefni krefjast samframleiðslu milli landa og alþjóðlegrar fjármögnunar. Þar hafa styrkir, stórir sem smáir, skipt máli til að verkefni verði að veruleika og fái dreifingu á alþjóðamarkaði.

Íslenskum aðilum hefur gengið einstaklega vel að sækja styrki til MEDIA, en heildarfjármagn til íslenskra aðila síðustu fjögur árin er rúmlega 3 milljónir evra eða um 380 milljónir króna. Í töflu 5 má sjá fjölda umsókna, fjölda styrktra verkefna, árangurshlutfall og heildarfjármagn til hvers undirflokks. Sérstaklega hefur gengið vel að sækja styrki til þróunar kvikmyndaverkefna, þar sem árangurshlutfall allra umsókna þátttökulanda 2017 var aðeins 19%. Þá hafa íslensk verkefni fengið fjölda styrkja til framleiðslu á sjónvarpsþáttaröðum og heimildarmyndum.

Tafla 5. Creative Europe - MEDIA: Árangur Íslands eftir undiráætlunum 2014–2017.

Undiráætlun	Fjöldi umsókna	Fjöldi styrktra verkefna	Árangurshlutfall umsókna	Samtals fjármagn
Þróunarstyrkir	40	16	40%	875.000 €
Sjónvarpsstyrkir	10	7	70%	1.759.294 €
Kvikmyndahátíðir	5	4	80%	252.000 €
Dreifingarstyrkir	82	38	46%	180.961 €
Heild	137	65	*	3.067.255 €

* Heildarárangurshlutfall skekkt vegna 100% hlutfalls í einum flokki og er það því ekki birt.

Til viðbótar þessu koma fjárveitingar til erlendra aðila til að dreifa íslenskum myndum í kvikmyndahúsum í Evrópu. Tvær myndir fengu veglega dreifingarstyrki árið 2015 sem eru með langstærstu styrkjum sem íslenskar kvikmyndir hafa fengið til dreifingar erlendis frá því að Íslendingar hófu þátttöku í MEDIA árið 1992. Kvikmyndin *Hrútar* í leikstjórn Gríms Hákonarsonar fékk 514.340 evra styrk til dreifingar til 32 landa og kvikmyndin *Fúsi* í leikstjórn Dags Kára fékk dreifingarstyrk til 24 landa að upphæð 394.060 evrum.

Menning

Markmið Menningarhlutans er að efla listsköpun í landinu og koma á samstarfi á milli listastofnana og listamanna í Evrópu, kynna upprennandi listamenn og stækka þátttöku/áheyrendahóp allra þátttökulanda. Íslenskir aðilar hafa einkum sótt um styrki til þýðinga á evrópskum bókmenntum og verið þátttakendur í samstarfsverkefnum. Einnig eru nokkur félög meðlimir í stórum evrópskum samstarfsnetum sem fá styrki frá áætluninni.


Í Menningu er mikil samkeppni og árangurshlutfall lágt enda áætlunin ekki umfangsmikil. 15 íslenskir aðilar tóku þátt í umsóknum um menningarverkefni á árinu 2017 en einungis eitt þeirra hlaut styrk. Í töflu 6 má sjá árangur íslenskra aðila í Menningu á árunum 2014–2017, miðað við þátttökutilvik í umsóknum. Þátttökutilvik taka til bæði aðal- og meðumsækjenda en enginn íslenskur aðalumsækjandi fékk styrk á tímabilinu. Árangurshlutfall í þeim flokkum sem íslenskir aðilar hafa sótt í er að jafnaði 12%. Íslenskir umsækjendur um þýðingarstyrki hafa ekki haft erindi sem erfiði, en fimm umsóknir hafa verið sendar inn á tímabilinu.

Tafla 6. Creative Europe - Menning: Árangur Íslands eftir undiráætlunum 2014–2017.

Undiráætlun	Þátttökutilvik í umsóknum	Þátttökutilvik í styrktum umsóknum	Árangurshlutfall	Samtals fjármagn
Minni samstarfsverkefni	27	4	15%	93.415 €
Stærri samstarfsverkefni	24	3	13%	333.262 €
Bókmenntaþýðingar	5	0	0%	0 €
Aðlögun flóttamanna	1	0	0%	0 €
Heild	57	7	12%	426.677 €

Samanburður við önnur lönd

Mynd 11 sýnir hversu háa styrki íslenskir aðilar fá á hvern íbúa til samanburðar við Norðurlöndin, Írland, Lúxemborg og Möltu. Íslendingar fengu rúmlega tíu evrur á hvern íbúa í styrki frá Creative Europe tímabilið 2014–2017, sem er hærri upphæð miðað við samanburðarlöndin.



Mynd 11. Creative Europe: Fjármagn í evrum á hvern íbúa 2014–2017.

Dæmi um verkefni

MEDIA: Sjónvarpsþættirnir Ófærð fengu 60.000 evrur í þróunarstyrk árið 2013, 500.000 evrur í sjónvarpsstyrk árið 2015 og síðan aftur 500.000 evrur í sjónvarpsstyrk fyrir aðra þáttaröð árið 2017. Sjónvarpsþættirnir hafa vakið mikla athygli á evrópskum og alþjóðlegum sjónvarpsmarkaði og hlutu þeir Prix Europa verðlaunin árið 2016, fyrstir íslenskra sjónvarpsþátta.

Menning: Félagið Söguslóðir á Íslandi tók þátt í verkefninu Follow the Vikings sem var stýrt af Shetland Amenity Trust í Bretlandi ásamt 11 öðrum löndum. Verkefnið fékk úthlutað styrk að upphæð 1.960.000 evrur en markmið verkefnisins var að kynna víkingaarfleifðina fyrir umheiminum. Eitt af markmiðum verkefnisins var að styrkja menningartengda ferðaþjónustu í Evrópu með því að koma á framfæri sögufrægum stöðum.

Þátttökutilvik

Þátttökutilvik í Horizon 2020, Erasmus+ og Creative Europe á árunum 2014–2017 eru samtals 903, þau eru langflest í Erasmus+ eða 645 talsins, næst kemur Horizon 2020 með 177 tilvik og síðan Creative Europe með 81 tilvik. Á töflu 7 má sjá yfirlit yfir fjölda þátttökutilvika skipt eftir áætlunum og tegundum aðila.

Tafla 7. Fjöldi þátttökutilvika skipt eftir áætlunum og tegundum aðila.

Tegund	Horizon 2020	Erasmus+	Creative Europe	Samtals
Fyrirtæki	81	87	75	243
Opinberar stofnanir (ekki skólar)	33	63	0	96
Rannsóknastofnanir	30	5	1	36
Háskólar	31	85	0	116
Skólar (ekki háskólar)	0	240	0	240
Annað	2	165	5	172
Samtals	177	645	81	903

Listi yfir aðila og þátttökutilvik 2014–2017

Fyrirtæki

Nafn aðila	Horizon 2020	Erasmus+	Creative Europe
AFS Iceland		7	
AIESEC-Iceland		1	
Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík ehf.			3
ArcticMass ehf.	1		
Arctus Metals ehf.	1		
Askja Films ehf.		3	
Aurora Seafood ehf.	2		
Authenteq ehf.	1		
Áskorun ehf.		2	
CCP hf.	1		
Compass ehf.			2
CRI ehf.	4		
Dohop ehf.	1		
DT Equipment ehf.	1		
EPI-ENDO Pharmaceuticals ehf.	1		
Erki-tónlist sf.	1		
eTactica ehf.	1		
Evris Foundation ses.		2	
Farfuglar		9	
Fenrir Films sf.		1	
Fisheries Technologies ehf.	1		
Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð ses.		3	
Fjölsmiðjan		1	
Fóðurverksmiðjan Laxá hf.	1		
Fræðslumiðstöð atvinnulífs ehf.		5	

Nafn aðila	Horizon 2020	Erasmus+	Creative Europe
Fræðslumiðstöð Vestfjarða		1	
Fræðslunetið - símenntun á Suðurlandi		3	
Genís hf.	1		
geoSilica Iceland ehf.	1		
Gerosion ehf.	2		
GoodlifeMe ehf.	1		
Hampiðjan hf.	1		
Háskólafélag Suðurlands ehf.		2	
Heimili kvikmyndanna - Bíó Paradís ses.			35
HS Orka hf.	2		
IA Tónlistarhátíð ehf.			1
Iceland Seafood International ehf.	1		
Icelandair ehf.	1		
IceWind ehf.	2		
ÍÐAN fræðslusetur ehf.		6	
InterCultural Ísland ehf		2	
Íslensk NýOrka ehf.	2		
Íslenska óperan		1	
Íslenska vetnisfélagið ehf.	1		
Jafnréttishús		5	
Jakar ehf.	1		
JGK TECh ehf.	1		
Join Motion Pictures ehf.			1
K.Ó. framleiðsla ehf.			2
Keilir FVB		2	
Keynatura ehf.	1		
Kjarnar ehf.	1		
Klappir Grænar Lausnir hf.	1		
Klassíski Listdanssskólinn		1	
Kvikmyndafélag Íslands ehf.			1
Laki ehf.	1		
Landsnet hf.	1		
Lipid Pharmaceuticals ehf.	1		
Ljósop ehf.			1
Locatify ehf.		1	
Lókal leiklistarhátíð ehf.			2
LungA-skólinn ses.		1	
Marel hf.	1		
MarkMar ehf.	2		
Marorka ehf.	1		
Medilync ehf.	1		
Memento ehf.	1		
Men and Mice ehf.	1		
Mentis Cura ehf.	1		

Nafn aðila	Horizon 2020	Erasmus+	Creative Europe
Mentor ehf.	1	1	
Mímir - símenntun		4	
Myndform			12
Mystery Ísland ehf.			1
Navis ehf.	1		
Netop Films ehf.			1
New Work ehf.			1
Norðurslóðagáttin ehf.	5		
Nox Medical ehf.	2		
NyArk Media ehf.		1	
Ný toghlerahönnun ehf.	1		
Oculus ehf.	1		
Optitog ehf.	1		
Orkuveita Reykjavíkur sf.	3		
Oxymap ehf.	1		
Pegasus ehf.			1
Pólar togbúnaður ehf.	1		
Prokazyme ehf.	1		
Rafnar ehf.	1		
Rannsóknir og greining ehf.		1	
Reykjavíkur Akadémían ses		3	
RG Menntaráðgjöf slf.	1	1	
RightNow ehf.		1	
Ríki Vatnajökuls ehf.		1	
RVK Studios ehf.			1
Rökstólar Samvinnumiðstöð ehf.		5	
Saga film ehf.			3
SagaMedica - Heilsujurtir ehf.	1		
Samvil ehf. Fjarkennsla.com		1	
Sena ehf.			1
Skaginn hf.	1		
Skátamót ehf.		2	
Skref fyrir skref ehf.		1	
Sólheimar - Sesseljuhús		2	
Starfsendurhæfing Norðurlands		1	
Stálsmiðjan-Framtak ehf.	1		
Strætó bs.	1		
Sögn ehf.			1
TARAMAR ehf.	1		
Thor Ice Chilling Solutions ehf .	1		
True North ehf.			2
TS 64 ehf.		1	
Tvíeyki ehf.			2
Valgeir Sigurðsson ehf.		1	

Nafn aðila	Horizon 2020	Erasmus+	Creative Europe
Vintage Pictures ehf.			1
Þekkingarsetrið Nýheimar		1	
Þekkingarsetur Suðurnesja	1		
Össur hf.	6		
Heildarfjöldi þátttökutílvika	81	87	75

Opinberar stofnanir (ekki skólar)

Nafn aðila	Horizon 2020	Erasmus+	Creative Europe
Akraneskaupstaður		1	
Akureyrarbær - Alþjóðastofa		2	
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið	1		
Árbæjarkirkja		2	
Barnaverndarstofa		1	
Byggðastofnun		2	
Embætti landlæknis	1		
Eyþing samband sveitarfélaga/Menningarráð Eyþings		1	
Farskólinn - miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra		1	
Félagsmiðstöðin Fönix		1	
Félagsmiðstöðin Þrykkjan		1	
Félagsmiðstöðvar FF		1	
Fjarðabyggð		2	
Fræðslusetrið Starfsmennt		2	
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins		1	
Grímsnes- og Grafningshreppur		1	
Hafnarfjörður		1	
Heyrnar-og talmeinaastöð Íslands		1	
Húnaþing vestra		1	
Jafnréttisstofa		1	
Kópavogsbær		1	
Landgræðsla ríkisins	1		
Landspítali - Háskólasjúkrahús	6	5	
Mannvirkjastofnun		1	
Orkustofnun	1		
Rannsóknamiðstöð Íslands	17		
Rauðagerði Frístundahús		1	
Reykjavíkurborg - Skóla- og frístundasvið		6	
Reykjavíkurborg - Velferðasvið		2	
Reykjavíkurborg - Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts		1	
Samskiptamiðstöð heyrnarlaustra og heyrnarskertra		1	
Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu		1	
Seyðisfjarðarkaupstaður		1	
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar		1	

Nafn aðila	Horizon 2020	Erasmus+	Creative Europe
Sjúkrahúsið á Akureyri		1	
Skólabjónusta Árborgar		2	
Sveitarfélagið Skagafjörður		3	
Ungmennaráð Árborgar		2	
Ungmennaráð Miðborgar og Hlíða		1	
Ungmennaráð Seltjarnarness		2	
Veðurstofa Íslands	5		
Vinnueftirlit ríkisins		1	
Vinnumálastofnun		3	
Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og dauðblinda einstaklinga	1	4	
Heildarfjöldi þátttökutílvika	33	63	0

Rannsóknastofnanir

Nafn aðila	Horizon 2020	Erasmus+	Creative Europe
Hafrannsóknastofnunin	3		
Íslenskar orkurannsóknir	6		
Matís ohf.	14	2	
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	5	2	1
Rannsóknarstöðin Ríf	1		
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum		1	
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	1		
Heildarfjöldi þátttökutílvika	30	5	1

Háskólar

Nafn aðila	Horizon 2020	Erasmus+	Creative Europe
Háskóli Íslands	27	28	
Háskólinn á Akureyri	2	8	
Háskólinn á Bifröst		10	
Háskólinn á Hólum		6	
Háskólinn í Reykjavík	1	13	
Landbúnaðarháskóli Íslands	1	8	
Listaháskóli Íslands		12	
Heildarfjöldi þátttökutílvika	31	85	0

Skólar (ekki háskólar)

Nafn aðila	Horizon 2020	Erasmus+	Creative Europe
Álfhólsskóli		1	
Árskóli		3	
Ártúnsskóli		2	
Áslandsskóli		2	
Borgarholtsskóli		7	
Breiðholtsskóli		1	
Brekkubæjarskóli		4	

Nafn aðila	Horizon 2020	Erasmus+	Creative Europe
Brekkuskóli		4	
Djúpavogsskóli		1	
Fisktækniskóli Íslands		1	
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra		2	
Fjölbrautaskóli Suðurlands		6	
Fjölbrautaskóli Suðurnesja		1	
Fjölbrautaskóli Vesturlands		4	
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti		9	
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ		4	
Fjölbrautaskólinn við Ármúla		9	
Flensborgarskóli		1	
Flúðaskóli		1	
Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu		4	
Garðaskóli		4	
Giljaskóli		1	
Glerárskóli		1	
Grandaskóli		2	
Grundaskóli		1	
Grunnskóli Bolungarvíkur		3	
Grunnskóli Hornafjarðar		1	
Grunnskóli Snæfellsbæjar		1	
Grunnskóli Vestmannaeyja		2	
Grunnskólinn á Bakkafirði		1	
Grunnskólinn á Ísafirði		1	
Grunnskólinn í Borgarnesi		2	
Grunnskólinn í Breiðdalshreppi		1	
Hagaskóli		2	
Háteigsskóli		1	
Heilsuleikskólinn Háaleiti		1	
Heilsuleikskólinn Kór		3	
Hjallastefnan		1	
Hlíðaskóli		1	
Hofsstaðaskóli		1	
Hólabrekkuskóli		3	
Hrafnagilsskóli		1	
Hraunvallaskóli		2	
Hríseyjarskóli		1	
Iðnskólinn í Hafnarfirði		1	
Ingunnarskóli		1	
Keilir - Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs		3	
Klettaskóli		2	
Krikaskóli		2	
Kvennaskólinn í Reykjavík		4	
Landakotsskóli		3	

Nafn aðila	Horizon 2020	Erasmus+	Creative Europe
Langholtsskóli		1	
Lágafellsskóli		1	
Leikskóli Snæfellsbæjar		1	
Leikskólinn Arnarsmári		1	
Leikskólinn Álfaheiði		1	
Leikskólinn Blásalir		1	
Leikskólinn Furugrund		3	
Leikskólinn Gefnarborg		1	
Leikskólinn Geislabaugur		1	
Leikskólinn Holt		1	
Leikskólinn Jötunheimar		1	
Leikskólinn Kirkjuból		1	
Leikskólinn Klambrar		1	
Leikskólinn Laut		1	
Leikskólinn Lundaból		1	
Leikskólinn Reynisholt		1	
Leikskólinn Sólborg		1	
Leirvogstunguskóli		1	
Lundarskóli		1	
Lækjarskóli		1	
Menntaskóli Borgarfjarðar		2	
Menntaskólinn á Akureyri		3	
Menntaskólinn á Egilsstöðum		2	
Menntaskólinn á Ísafirði		2	
Menntaskólinn á Tröllaskaga		6	
Menntaskólinn í Kópavogi		5	
Menntaskólinn í Reykjavík		4	
Menntaskólinn við Hamrahlíð		3	
Menntaskólinn við Sund		4	
Myndlistaskólinn í Reykjavík		8	
Nesskóli		2	
Norðlingaskóli		1	
Oddeyrarskóli		2	
Réttarholtsskóli		1	
Rimaskóli		3	
Salaskóli		3	
Síðuskóli		2	
Skólar ehf.		2	
Sæmundarskóli		3	
Tjarnarskóli		2	
Tónlistarskóli Hafnarfjarðar		1	
Tækniskólinn - skóli atvinnulífsins		5	
Vallaskóli		2	
Varmahlíðarskóli		1	

Nafn aðila	Horizon 2020	Erasmus+	Creative Europe
Vatnsendaskóli		2	
Verkmenntaskóli Austurlands		2	
Verkmenntaskólinn á Akureyri		10	
Verzlunarskóli Íslands		6	
Víðistaðaskóli		2	
Víkurskóli		1	
Vogaskóli		1	
Þelamerkurskóli		1	
Þjórsárskóli		1	
Ölduselsskóli		2	
Heildarfjöldi þátttökutílvika	0	240	0

Annað

Nafn aðila	Horizon 2020	Erasmus+	Creative Europe
Alþjóðleg ungmennaskipti-AUS		14	
ÁLFUR, áhugafélag um listir og fræðslu ungmenna í Reykjavík		1	
Átak, félag fólks með þroskahömlun		1	
Bandalag íslenskra skáta		5	
Barnaheill - Save the Children á Íslandi		1	
Björgunarhundasveit Íslands		1	
Björgunarsveitin Suðurnes		1	
Blindrafélagið		1	
CAFF-skrifstofan á Íslandi	1		
EU Street Project		1	
Félag fagfólks í frítímaþjónustu - FFF		3	
Félag Horizon		3	
Félagsmiðstöðin Tían		1	
Félagsmiðstöðvar Akureyrar		1	
Frístundamiðstöðin Miðberg		2	
Frístundamiðstöðin Þorpið		1	
GEORG-Rannsóknarklassi í jarðhita	1		
GERVI Productions, félagasamtök		1	
Hestamannafélagið Snæfellingur		1	
Hitt Húsið, miðstöð ungs fólks		2	
Hjálparveit skáta Hveragerði		1	
HLI/Healthy Life Integration		1	
Hringsjá náms- og starfsendurhæfing		1	
Hugarafi		3	
Islandia		1	
Íslenska Esperantosambandið		1	
Íþrótt- og ólympíusamband Íslands		1	
Íþróttabandalag Reykjavíkur		1	
JóRaRa, félagasamtök		1	
Kammerkór Suðurlands			1

Nafn aðila	Horizon 2020	Erasmus+	Creative Europe
KFUM og KFUK á Íslandi		1	
Knattspyrnufélag Akureyrar		1	
Kollektif: Icelandic group		1	
Kveikja, félagasamtök		1	
Landsbyggðin lífi		2	
Landssamband æskulýðsfélaga		1	
Landssamtök íslenskra stúdenta		3	
Landvernd		1	
Leikklúbburinn Saga		1	
LungA - Listahátíð ungs fólks, Austurlandi		4	
Mannréttindaskrifstofa Íslands		1	
MEMORY30		1	
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum		5	
Molinn		1	
Músík og Mótör		1	
Nemendafélag Menntaskólans á Ísafirði		3	
New Age Icelandic Films		1	
Nordic Youth Summer Institute		1	
Núll prósent hreyfingin		3	
Ónafngreindir óformlegir hópar		3	
Pakkhús Ungmennahús		4	
Projekt:Polska.is		1	
Rauði krossinn í Reykjavík		1	
Reitir workshop		1	
Reykjavik Dance Festival		1	1
Reykjavik film group		1	
SAMFÉS,samtök félagsmiðstöðva		6	
Samtök ferðaþjónustunnar		1	
Samtök náttúru- og útiskóla,SNÚ		1	
Samtök um sögutengda ferðaþjónustu			1
Samtökin 78		1	
SEEDS Iceland		7	
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi		5	
Skátafélagið Árbúar		1	
Skátafélagið Hraunbúar		5	
Skátafélagið Klakkur		1	
Skógræktarfélag Íslands		2	
Slysavarnarfélagið Landsbjörg		5	
Spindrift Theater		1	
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra		1	
Söfnuður Moskvu-Patríarkatsins		1	
Tara		1	
Team Spark		1	
The Icelandic Connection		1	

Nafn aðila	Horizon 2020	Erasmus+	Creative Europe
Tónlistarhátíð unga fólksins			1
U3A Reykjavík		2	
Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands		1	
Ungmennafélag Íslands-UMFÍ		8	
Ungmennafélag Selfoss		1	
Upplifun - Samtök um reynslunám og útinám		1	
Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar			1
Útilífsmiðstöð skáta Úlfjótsvatni		3	
Vegahúsið		1	
Veraldarvinir		2	
Vox Populi		1	
Worldwide Friends Iceland		2	
Yfir heiðina -ungmennasamtök		1	
Þekkingarnet Þingeyinga		2	
Æskulýðssamband kirkjunnar á Austurlandi (Æ.S.K.A.)		2	
Heildarfjöldi þátttökutílvika	2	165	5



Rannsóknamiðstöð Íslands – Rannís

Borgartúni 30, 105 Reykjavík

sími 515 5800, fax 552 9814

rannis@rannis.is, www.rannis.is